

TENGIR

- *fram tíðin er ljós*

Akureyrarkaupstaður
Geislagata 9
600 Akureyri
b.t. Pétur Ingi Haraldsson
Sviðsstjóri skipulagssviðs.

Akureyri 25.03.2019

Tengir hf. sækir hér með um framkvæmdarleyfi vegna lagningu ljósleiðaralagna um Akureyri sumarið 2019.

Framkvæmdin er að grafinn er skurður með breidd 50cm og dýpt 60cm, skurður verður 100cm breiður þar sem götur verða þveraðar. Þar sem Norðurorka mun endurnýja háspennustrengi verður skurður umfangsmeiri eða 80cm breiður og 90cm djúpur í samræmi við reglugerðir. Fyrirtækin Kraftfag og Malbikun KM eða aðrir viðukenndir aðilar munu sjá um viðgerðir á malbiki þar sem við á, eins og verið hefur og verður leitast við að ganga endanlega frá skurðstæði jafnóðum. Þar sem við á verða rör og lagnir einnig plægðar niður með þar til gerðum búnaði.

Í skurðinn verður lagt 50mm lagnarör á milli tengibrunna sem eru með 25t stálsteypu loki, og verða þeir staðsettir í malbikuðu gangstéttarstæði, og frá tengibrunnum eru lögð 16mm og 25mm rör fyrir heimtaugar að lóðarmörkum á svæðinu. Þar sem íbúi óskar eftir að fá tengingu við ljósleiðaranetið er lagt heimtaugarrör í viðkomandi húsnæði. Ekki verður grafið eða lagt í götur innan svæðis þar sem líttill eða enginn áhugi íbúa er fyrir tengingu við ljósleiðaranetið.

Gengið er frá skriflegum samningi um tengingu og samþykki húseiganda um lagnaleið, að og í húsnæði áður en lagt er að húsi um eignarlóð, þar sem sú framkvæmd er utan samstarfssamnings á milli Tengis og Akureyrarbæjar.

Gengið verður frá yfirborði aftur sem líkast því sem fyrir er eða betur, og verður eftirlit með frágangi í höndum starfsmanna framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.

Hér meðfylgjandi eru teikningar og yfirlitsmynd af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Áætlað er að framkvæmdir sumarsins hefjist í apríl og þeim verði lokið í desember 2019, en endalegum frágangi verði í lokið vorið 2020.

Norðurorka mun nýta sér framkvæmdir að hluta við endurnýjun á háspennu og heimtaugastrengjum og einnig er mögulegt að framkvæmdadeild Akureyrarbæjar og aðrir verktakar muni nýta suma framkvæmdahluta til endurnýjunar og lagfæringar.

F.h. Tengis hf.
Tengir hf.
Kt. 660702-2880 · Sími 4-600 407
Fjölhnisgötu 6 · 603 Akureyri
Steinmar H. Rögnvaldsson